



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagurinn 22. október 2007

Ákvörðun nr. 58/2007

### **Kaup Fóðurblandunnar hf. á KHB-Miðbæ ehf.**

#### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

##### **1.**

Með bréfi dags. 23. maí 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um að Fóðurblandan hf. (hér eftir kallað FB) hefði keypt viðskiptavild, vörulager og lausafé af KHB-Miðbæ ehf. (áður Sindra – KHB byggingavörudeild ehf.). Samrunatilkynning barst síðan Samkeppniseftirlitinu þann 29. júní 2007. Bréfinu fylgdi samrunaskýrsla, þar sem framsetning miðast við reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna. Bréfinu fylgi einnig kaupsamningur, dags. 1. desember 2006 og ársreikningar samrunaaðila. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 27. júlí sl., var samrunaaðilum tilkynnt um að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum kaupanna, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Upphaf þriggja mánaða frests samkeppnisyfirvalda til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

Samkeppniseftirlitið aflaði jafnframt frekari upplýsinga frá samrunaaðilum, m.a. um heildarverðmæti og heildarmagn selds fóðurs samrunaaðila.

#### **II.**

#### **Niðurstöður**

##### **1.**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem söluvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.



Að því er vörumarkaðinn varðar telja samrunaaðilar að samruninn taki til fódurmarkaðarins, aðallega markað fyrir sölu fódurs. Tekið er fram að FB sé framleiðslu- og sölufyrirtæki á fódurmarkaði. Framleiðsluafurðir FB sé að stærstum hluta til kjarnfóður til eldis búfjár, en meðal þess sem félagið framleiði sé heilfóður fyrir kýr, hesta, sauðfé, svín, naut, loðdýr, fugla, fiska, kanínur, hunda auk þess sem framleiddir séu hreindýraköggjar. Segir að FB selji þessar afurðir sínar til annarra aðila. Þá segir að KHB-Miðbær starfi aðeins sem söluaðili fyrir fóður, en stundi ekki framleiðslu á fódri. Í þessu ljósi telja samrunaaðilar að sá markaður sem samruninn hafi áhrif á sé markaður fyrir sölu á fódri fyrir alífugla, svín og jórturdýr.

Samkeppniseftirlitið er sammála því mati samrunaaðila að vörumarkaðurinn sem hér um ræðir sé fyrst og fremst markaðurinn fyrir sölu á fódri. Hins vegar er hugsanlegt að samkeppnislegra áhrifa samrunans gæti einnig á öðrum mörkuðum, s.s. á markaði fyrir sölu á áburði, sbr. tengsl samrunaaðila m.a. við Áburðaverksmiðjuna hf., eins og nánar verður fjallað um hér á eftir.

Hvað landfræðilega markaðinn viðvíkur benda samrunaaðilar á að FB annist að nokkru fódursölu til allra helstu héraða landsins. Þá sé söluverð fódurs frá FB hið sama um land allt, en kaupendur fódursins greiði flutningskostnað. Tekið er fram að starfsstöð KHB-Miðbæjar sé á Egilsstöðum og helstu viðskiptamenn félagsins séu bændur þar í sveitum. Með hliðsjón af fyrri sjónarmiðum samkeppnisyrivalda í málum er varða fódurmarkaðinn telja samrunaaðilar ekki þörf á því, a.m.k. ekki að sinni, að taka endanlega afstöðu til þess hvort landfræðilegi markaðurinn sé landið allt eða hvort um sé að ræða svæðisbundna markaði. Verði því að mati samrunaaðila að líta svo á að markaður málsins sé landið allt.

Samkeppniseftirlitið tekur undir það með samrunaaðilum að ekki sé þörf á því í þessu máli að taka endanlega afstöðu til þess hvort landfræðilegi markaðurinn sé Ísland eða hvort um svæðisbundna markaði sá að ræða eins og máli þessu er háttað.

## 2.

Í máli þessu þarf að taka afstöðu til þess hvort umræddur samruni hafi skaðleg áhrif á samkeppni á hinum skilgreindu mörkuðum. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið hefur áður fjallað um stöðu FB á fódurmarkaði og tengdum mörkuðum sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 35/2006 *Kaup Kaupfélags Skagfirðinga svf., Kaupfélags Borgfirðinga svf. og Kaupfélags Hérðasbúa svf. o.fl. á Áburðarverksmiðjunni hf. og samruni fódurdeildar Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Áburðarverksmiðjunnar hf. við Fódurblönduna hf. og Bústólpa ehf.* Í ákvörðuninni var tekið fram að hin sameinuðu félög gætu boðið upp á mikla breidd í vörum og þjónustu fyrir bændur. Keppinautar á fódur- og áburðarmarkaði gætu átt það á hættu að geta ekki boðið viðskiptavinum sínum sama eða sambærilegt vöruframboð og/eða þjónustu og hin sameinuðu fyrirtæki og kynnu því að hrökklast af markaðnum. Af sömu ástæðu gætu nýir aðilar átt mun erfiðara með að komast inn á þá markaði þar sem hið sameinaða



fyrirtæki starfar. Eins var tekið fram að samrunarnir myndu skapa möguleika á samþættingu á sölu á vörum og þjónustu samrunaaðilanna, s.s. við sölu á áburði og fóðri, og jafnvel öðrum rekstrarvörum til bænda, s.s. girðingarefnum o.þ.h. Ennfremur myndi skapast möguleiki á samþættingu við aðra þjónustu samrunaaðila. Samkeppniseftirlitið taldi í ákvörðuninni að sú markaðsstaða sem myndaðist við samrunana gæti virkað sem hvatning til hins sameinaða fyrirtækis til þess að tvinna saman og selja, hvort sem er í formi tilboða eða á annan hátt, ólíkar vörur á þeim mörkuðum sem fyrirtækið væri ráðandi á í þeim tilgangi að tryggja eða efla stöðu þess á mörkuðum og útiloka þannig núverandi og mögulega keppinauta frá mörkuðunum. Að sama skapi var það mat Samkeppniseftirlitsins að auknar líkur væru á því að hið sameinaða fyrirtæki myndi tvinna saman í viðskiptum vöru eða þjónustu á mörkuðum þar sem það er ráðandi og vöru eða þjónustu á mörkuðum sem fyrirtækið væri ekki ráðandi á í þeim tilgangi að styrkja stöðu þess á hinum síðarnefndu mörkuðum.

Með hliðsjón af ofangreindu mati Samkeppniseftirlitsins féllust samrunaaðilar á sátt um að hlíta tilteknum skilyrðum til að eyða neikvæðu áhrifum samrunanna.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er virðast sömu samkeppnislegu vandamál vera til staðar hvað samruna þann sem fjallað er um í þessu máli varðar, þ.e. að með umræddum samruna komi FB til með að styrkja stöðu sína á landsvísu.

### 3.

Í ljósi framangreinds gerði Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum í máli þessu grein fyrir því í bréfi, dags. 14. september 2007, að eftirlitið sæi ástæðu til þess að setja samrunanum sambærileg skilyrði og í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 35/2006, nánar tiltekið sömu skilyrði og greinir í töluliðum 3 til 8 í ákvörðuninni og taka þau óbreytt upp í ákvörðun í máli þessu. Með þessu væri komið í veg fyrir hugsanlegar samkeppnishömlur sem af samrunanum gæti leitt væri ekkert að gert.

### 4.

Með bréfi samrunaaðila, dags. 24. september 2007, var tekið fram að engar athugasemdir væru gerðar við að sömu skilyrði yrðu sett varðandi samrunann. Þá voru ekki gerðar aðrar athugasemdir við efni bréfs Samkeppniseftirlitsins frá 14. september sl.

### 5.

Í samræmi við framangreint er það mat Samkeppniseftirlitsins að eftirfarandi skilyrði fyrir samrunanum sem málsaðilar hafa samþykkt muni eyða þeim neikvæðu áhrifum sem samruninn kann ella að hafa á samkeppni á mörkuðum fyrir sölu á fóðri og áburði, sem og á tengdum mörkuðum. Af skilyrðunum leiðir að aðgangur nýrra keppinauta að mörkuðunum verður auðveldari en ella. Jafnframt er það mat Samkeppniseftirlitsins að skilyrðin komi til með að stuðla að frekara jafnfræði með keppinautum á viðkomandi mörkuðum.



### III.

#### Ákvörðunarorð:

„Með samningi, dags. 1. desember 2006, keypti Fóðurblandan hf. viðskiptavild, vörulager og lausafé af KHB-Miðbæ ehf. Samningur þessi felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga

Með heimild í 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga setur Samkeppniseftirlitið samrunanum skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingum samrunans:

1. Samrunaaðilum er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á fóðurvörum að kaupendur fóðurs kaupir jafnframt áburð og skilyrði fyrir kaupum á áburði að kaupendur áburðar kaupir jafnframt fóðurvörur. Ennfremur er samrunaaðilum óheimilt að verðleggja fóður sem boðinn er með áburði eða áburður sem boðinn er með fóðri þannig að verðlagning eða verðtilboð jafngildi skilyrði um að ein tegund vöru sé keypt með annarri.
2. Samrunaaðilum er óheimilt að gera það að skilyrði fyrir kaupum á áburði eða fóðri að einhver önnur vara eða þjónusta sem þeir eða tengd fyrirtæki selja eða veita fylgi með í kaupunum. Ennfremur er samrunaaðilum óheimilt að verðleggja áburð og fóðurvörur með öðrum vörum eða þjónustu tengdra fyrirtækja þannig að verðlagning tilboða jafngildi skilyrði um að ein tegund vöru eða þjónustu sé keypt með annarri.
3. Selji kaupfélög samrunaaðila áburð eða fóður í endursölu skal viðkomandi fyrirtæki gæta jafnræðis við ákvörðun um slíka endursölu á þann hátt að keppinautum á áburðar- og fóðurmarkaði standi jafnframt til boða að selja áburð og/eða fóður í viðkomandi kaupfélagi til jafns við Áburðarverksmiðjuna hf. og Fóðurblönduna hf. og/eða Bústólpa ehf.
4. Séu fóðurvörur seldar ásamt áburði skal verð þeirra aðgreint. Sama gildir ef tengd fyrirtæki bjóða sínar vörur eða þjónustu ásamt áburði eða fóðurvörum.
5. Skilyrði ákvörðunar þessarar taka til samrunaaðila og allra annarra fyrirtækja sem eru og verða til innan samstæðunnar.
6. Brot á þessum skilyrðum varðar viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga.“



Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

